

Hornstrandaneftnd 16. 1. 2024

Fundað var á teams og hófst fundurinn klukkan 15:30

Mættir voru Margrét Katrín Guðnadóttir f.h. landeigendafélagsins, Andrea Harðardóttir og Gauti Geirsson f.h. Ísafjarðarbæjar. Kristín Ósk Jónasdóttir, Umhverfisstofnun sem jafnframt ritaði fundargerð. Sölvi Sólbergsson tilkynnti forföll.

Dagskrá

1. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar fór yfir helstu framkvæmdir sem unnar voru sumarið 2023, s.s. uppsetning bryggju á Hesteyri, lagfæringar á brúm, göngustígum og endurhleðslur á vörðum. Fjölgun kamra og bordakaup.
2. Farið var yfir hvaða verkefni fyrir sumarið 2024 hafa nú þegar fengið tryggt fjármagn. S.s. uppsetning skilta á Stekkeyri, Straumnesfjalli og í Höfn, lagfæring á göngustígum og vörðum. Frágangur við bryggju. Endurnýjun glugga í Búðinni.
3. Farið var yfir þær umsóknir sem sendar voru inn í Innviðasjóður haustið 2023. Ekki verður úthlutað úr sjóðnum fyrr en á vormánuðum 2024.
4. Fjallað um verkefni sem býður, þar sem ekki hefur verið lokið við skipulag. Samþykkt að vera í sambandi við skipulagsnefnd Ísafjarðarbæjar til að ítreka mikilvægi málsins.
5. Unnið var að endurnýjun aðgerðaráætlunar fyrir Hornstrandir. En í haust þarf að vera tilbúin ný aðgerðaráætlun.